

Vikufréttir

Vika 22(31.05.2021 – 04.06. 2021)

Mánudagur

✓

Þriðjudagur

- ✓ 10.b heldur af stað í útskriftarferðalag
- ✓ 2.b fer í fjöruferð á Seleyri
- ✓ 4.b fær að fara í heimsókn á miðstigi og fá þannig að upplifa það hvernig er að vera á miðstigi.
- ✓ 1.b með foreldraviðtöl

Miðvikudagur

- ✓ 10.b í útskriftarferð

Fimmtudagur

- ✓ 10.b kemur heim úr útskriftarferð.
- ✓ 7.b fer í heimsókn í unglिंगadeild og fær að upplifa það hvernig er að vera á unglिंगastigi.
- ✓ 1.b fer Héraðsbókasafnið og fær kynningu á sumarlestri.
- ✓ 1.b með foreldraviðtöl
- ✓ 3.b fer í litlu Brákarey

Föstudagur

- ✓ 7.b fer upp á Hafnarfjall
- ✓ 3.b fer á Héraðsbókasafnið og fuglasafnið

Spakmæli:

„Hamingja snýst ekki um að vera laus við vandamál, heldur um hæfnina til að takast á við þau“

Annað:

Nemendafélag Grunnskólans í Borgarnesi (NFGB)

Í hverjum skóla skal starfa nemendafélag og er tilgangur þess að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.

Nú í vetur hefur starfað öflug stjórn nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi og hafa krakkarnir haldið vel utan um það starf sem unnið er í skólanum. Stjórn félagsins, sem í eru nemendur úr 8.- 10. bekk skipuleggur, í samstarfi við skólastjórnendur, félagsstörf nemenda og sér um framkvæmd þeirra.

Stjórnina skipa Elfa Dögg Magnúsdóttir, formaður,
Valborg Elva Bragadóttir, varaformaður
Edda María Jónsdóttir, gjaldkeri
Aðalheiður Ella Ásmundsdóttir, ritari
Eyrún Freyja Andradóttir, meðstjórnandi
Guðjón Andri Gunnarsson, meðstjórnandi
Tæknistjórar eru Örn Einarsson og
Atli Freyr Ólafsson.



Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Nemendafélagstjórnin heldur utan um þá viðburði sem haldnir eru í skólanum á þeirra vegum eins og hrekkjavökuball fyrir yngsta- og miðstig o.fl. Minna var þó um viðburði á þessu skólaári en oft áður því eins og gefur að skilja hafði Covid áhrif á starfið hjá okkur líkt og öðrum. Jólaútvarpið var þó á sínum stað en það er einn stærsti viðburður sem nemendafélagið stendur fyrir. Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir eru auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða einnig við undirbúning og frágang. Nemendafélagið sá m.a. um að taka upp og senda út árshátíð skólans. Einnig stóðu þau fyrir skemmtilegum stigaleik á unglingsstigi þar sem bæði nemendur og kennarar tóku þátt.

Nú hefur verið kosið í nýja stjórn fyrir næsta skólaár og verður hún tilkynnt á skólaslitunum. Undirrituð hefur unnið með fráfaraði stjórn í vetur og hafa stjórnarmenn og aðrir þeir nemendur sem hafa komið að starfseminni staðið sig með þryði og verið okkur og skólanum til sóma. Vil ég þakka fráfaraði stjórn fyrir gott og farsælt samstarf í vetur.

Kristín M. Valgarðsdóttir

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Guðís Jónsdóttir